

Mál nr. 298/2019

M og
V v/ ábyrgðartryggingar heilsuræktarstöðvar A.

Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll í hálku við heitan pott.**Gögn.**

Málskot, móttakið 11.9.2019, ásamt fylgigögnum, þ. á m. myndskeiðum úr eftirlitsmyndavélum, og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 24.9.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Eftir hádegi 31. desember 2017 var M stödd í heilsuræktarstöð A. Utandyrá er heitur pottur og umræddan dag var kalt í veðri eða hitastig um -5° að því er fram kemur í málsgögnum. Af þeim sökum hafði klakabunki safnast upp á hellulagðri stétt fyrir framan pottinn, einkum við tröppu þar sem farið er ofan í hann og upp úr honum. Reynt hafði verið að höggvar ísinn til að nema hann á brott að því er virðist en án árangurs. Þá hafði handklæði verið lagt yfir tröppuna væntanlega í því skyni að draga úr hættu af völdum hálku í tröppunum. Þá var sérstakt skilti við hálkusvæðið til að vara við hálkunni.

Rúmri klukkustund eftir að reynt var að höggva klakabunkann og fjarlægja hann má á fyrirliggjandi myndskeiðum sjá hvar M lagði leið sína úr húsnæði heilsuræktarstöðvarinnar í gufubaðsklefa og gekk þá fram hjá heita pottinum. Þá má sjá þar sem hún kom úr gufabaðinu nokkrum mínútum síðar og fór í heita pottinn. Eftir nokkurra mínútna dvöl þar sést þar sem hún steig upp úr pottinum og steig á handklæði á tröppunni við pottinn og þar við. En um leið og hún steig af handklæðinu rann hún á hálli stéttinni. Féll M á stéttina og varð fyrir meiðslum. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón það sem hún hlaut við byltuna úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins, einkum fyrirliggjandi myndskeiðum, er engum vafa undirorpið að klaki og mikil hálka var við pottinn sem var til þess fallinn að valda mikilli hættu fyrir þá sem lögðu leið sína í pottinn og svo aftur á leið úr honum. Ljóst er að starfsmönnum A tókst ekki að gera viðhlítandi ráðstafanir til að draga úr þeirri hættu sem stafaði af hálkunni sem þarna var. Telja verður að við þessar hættulegu aðstæður hafi það verið með öllu óforsvaranlegt að hleypa fólki í pottinn. Verður að virða það fyrirsvarsmönnum hótelsins til gáleysis að hafa veitt aðgang að pottinum þegar aðstæður voru svo hættulegar sem raun ber vitni. A ber því ábyrgð á líkamstjóni M. Áður en slysið varð hafði M gengið fram hjá pottinum á leið sinni í gufubaðið og síðan farið ofan í pottinn. Þá var viðvörðunarkerki uppi til að vara við hálkunni. M mátti því vera ljós sú hætta sem stafaði af hálkunni. Bar henni því að gæta ítrustu varúðar er hún fór upp úr pottinum. Þeirrar varúðar gætti hún ekki sem skyldi og verður því að telja rétt að skerða að nokkru bætur vegna meðábyrgðar hennar. Eftir atvikum öllum og með tilliti til þeirrar ríku ábyrgðar sem hvíldi á A fyrir að hafa veitt aðgang að pottinum við umræddar aðstæður þykir rétt að M fái tjón sitt bætt að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en beri sjálf 1/3 hluta tjónsins vegna meðábyrgðar sinnar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 15. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.